

## **Stjórnarfundur FOKS, 19. Sept 2014 – síðasti fundur fyrir skólaárið 2013-2014**

Mættir: Heimir, Sigmundur, Ásdís, Elín, Egill, Bragi, Hrefna og Monika

- 3 aðilar búnir að sýna áhuga á skólaráði
- Vantar: einn aðila í SMT, 1 í umhverfisnefnd og 2 í stjórn
- Einn aðili hefur áhuga á að koma í stjórn (Páll Brynjar)
- Enginn sýnt áhuga á að vera í umhverfisnefnd og SMT
- Inni á SMT fundum á að vera fulltrúi frá foreldrum og nemendum, breyting frá því sem verið hefur.
- Á aðalfundi kvöldsins:
  - o Bragi – fundarstjóri
  - o Ásdís – fundaritari
  - o Ólöf kynnrir SMT og Umhverfisnefnd á fundinum, kosið verður í nefndir, önnur mál og svo fyrirlestur frá Braga Bergmann.
  - o Stuttur fundur haldin eftir aðalfund með nýju stjórninni. Raðað í stöður innan stjórnar.
  - o Spurning hvort eitt starf innan stjórnar verði að sjá um að koma fréttum og viðburðum inn á heimasíðu FOKS.

Ekki fleira skráð

## **Stjórnarfundur FOKS, 8. September 2014**

Mættir: Heimir, Sigmundur, Elín, Hrefna og Mona

- Hrefna talaði við Ólöfu um landakort – þau sem til eru, eru að verða ónýtt og úrelt.
- Rætt var hvað til er af peningum í FOKS. Heimir ræddi við Egil og Sigrúnu, segir Sigrún að það verði að vera til 400.000 í ársrekstur. Staðan nú í byrjun árs er 660.000 svo ca 260.000 er til sem má eyða í annað.
- Lagt var til að keypt yrði landakort á ca 50.000 kr. Á hvern gang og var það samþykkt. Sigmundur fer í að græja það.
- Bæði 6. Bekkur og 4. Bekkur voru að óska eftir myndavélum, það yrði ca. 50 – 60.000
- Matráður í eldhúsi óskaði eftir hnífum í eldhúsið – málið sett í skoðun

- Helga Dögg bað um danskar bíómyndir og fleira fyrir dönskukennsluna. Myndir og bækur ca 6.000 og var það samþykkt.
- Vistun óskaði eftir teppi í kubbaherbergi, garn til að nýta í ýmislegt, perlur, pappír og H kubba áætlað ca. 15.000. heimir ætlar að ath með garn og Simmi að athuga með perlur og H-kubba og var það samþykkt.
- Grill fyrir sjoppuna hjá 10. Bekk, hrefna ætlar að athuga hver á grillin.
- Sérkennslan sendi inn blað með ýmsum óskum og var það á verðbilinu 20 – 25.000 samþykkt að kaupa ákveðna hluti af blaðinu sem barst.
- 10. Bekkur kom með ósk um styrk uppá 21.000 fyrir hljóðkerfi fyrir Micha Moor ballið sem þau ætla að halda í byrjun skólaárs. Verður tekið fyrir á næsta fundi

Ekki fleira skráð

### **Stjórnarfundur FOKS, 18. Ágúst 2014**

Mættir: Heimir Sigmundur, Hrefna og Monika

- Byrjað á að ræða um afmælishátíð skólans. Heimir sendi póst í skólann um að FOKS muni koma að afmælishátíðinni að einhverju leyti. Einnig sendi hann þæost um að starfsfólk komi með hugmyndir að gjöf til skólans frá FOKS.
- Tillaga frá Heimi – breytingar á úthlutunum á SMT sjóðnum. Í staðinn fyrir að láta bekkina hafa sjóðinn að hausti þyrftu kennarar að sækja um það sérstaklega.
- Skipst var á hugmyndum í tengslum við gjöf til skólans frá FOKS. Heimir kom með hugmynd um að útbúa frizbee golf. Hugmynd kom upp að reyna að fá Hverfisnefndina og Akureyrarbæ í lið með FOKS. Ákveðið að hugsa málið og vinna í að koma með fleiri hugmyndir. Heimir mun athuga með kostnað á svona frizbee velli.

Ekki fleira skráð

### **Stjórnarfundur FOKS, 2. Apríl 2014**

Mættir: Heimir, Sigmundur, Hrefna, Elín Bragi og Monika

- Heimir talað um að kalla saman stuttan fund með bekkjarfulltrúum í næstu viku til að ræða við þá um að sjá um að senda á foreldra í tengslum við vaktir á vorhátíð skólans. Fundurinn áætlaður miðvikudaginn 9. Apríl kl. 20:00
- Hrefna talaði við Bibba og Björk og var tekið vel í að skoða hvort 10. Bekkur gæti séð um skemmtiatriði á vorhátíðinni. Hún mun tala við þau aftur til að minna á aftur.
- Hrefna talaði við kennara 1. Bekkjar að gera kórónur handa krökkunum sem eru að koma í fyrstabekk næsta haust. Tóku kennarar mjög vel í það. Ræddi einnig við Óla skólastjóra um að fá verðandi kennara í 1. Bekk til að taka á móti nýju krökkunum þegar komið verður á hreint hverjir munu kenna þeim næstkomandi haust.

- Á næstu dögum er von á útskiptitölvum sem Arion Banki er að gefa tölvuveri skólans. Þetta er alveg sett – tölvur, skjáir, lyklaborð og mús.
- Vorhátíð og aðalfundur FOKS eru komin inn á skóladagatal fyrir næsta skólaár.
- Þarf að vera búíð að velja bekkjarfulltrúa á fundi í byrjun vetrar sem er haldinn af kennurum í hverjum bekk fyrir sig fyrir aðalfund FOKS. Þarf það að vera gert til þess að nýjir bekkjarfulltrúar geti mætt að aðalfundinn.
- Egill sendir póst á foreldra fyrir hönd FOKS til að reyna að innheimta betur árgjöld FOKS.

Ekki fleira bókað

### **Stjórnarfundur FOKS, 17. mars 2014**

Mættir: Heimir, Bragi, Egill, Monika, Ásdís og Hrefna

- Búíð er að útvega 10 spjaldtölvur í vetur. FOKS hefur borgað fyrir 4 þeirra, aðrar eru gjafir frá ýmsum fyrirtækjum í bænum.
- Heimir sendi út póst til að minna fólk á að greiða árgjald FOKS í byrjun apríl og mun tengja það við vorhátíð skólans.
- Fyrirspurn frá Bibba kennara um tölvur fyrir skólann. Arion banki gefur 20 borðtölvur og skjái, einnig er verið að leita að fleiri tölvu skjáum.
- Miðvikudaginn 19. Mars verður sérkennsludeild skólans færð 6 stk. Spjaldtölvur.
- Ræddum um hversu stolt við erum af FOKS og fengum mikið hrós frá Heimi.
- Skólaráðsfundur verður haldinn næstkomandi fimmtudag þar sem tekið verður fyrir næsta skólaár. Farið er fram á að bæði Vorhátíð og Aðalfundurinn í byrjun septembner verði settur strax inn á dagatal fyrir næsta skólaár.
- Í tengslum við Vorhátíð skólans mun Heimir senda ítrekun á foreldrafulltrúa allra bekkja um að mæta á fund í byrjun apríl vegna vorhátíðar.
- Heimir talaði um að fara þannna hoppukastala fyrir vorhátíð.
- Verkaskipting stjórnar til að byrja undirbúning vorhátíðar:
  - o Simmi: hoppukastali
  - o Heimir: Andlitsmálning
  - o Hrefna: fá 10. Bekk til að vera með skemmtiatriði
  - o Heimir: ætlar að tala við Óla Skólastjóra um að taka á móti verðandi 1. Bekkingum og tala á vorhátíðinni.

- Hrefna: ræða við kennara í 1. Bekk í tengslum við vorhátíðina
- Umræður um skólastjóraskipti

Ekki fleira bókað

### **Stjórnarfundur FOKS, 8. janúar 2014**

Mættir: Heimir, Egill, Sigmundur, Ásdís, Elín, Monika og Hrefna

- Rætt um styrkumsóknir fyrir spjaldtölvur. Búið að panta 3 tölvur
  - Kallað verður á fund með sérkennsludeild og skólastjóra til að afhenda þessar 3 tölvur
  - Fylgja eftir hversu miklu máli tölvurnar skipta til að geta sent feedback á þá sem að gáfu tölvurnar
- Bréf barst frá Helgu Dögg og Jóhönnu um Reykjarferð. Ákveðið var að hækka styrk fyrir ferðinni úr 1000 kr. í 1200 kr. Á barn. Ræða á við kennara hvort einstaklingur innan bekkjanna þurfi styrk.
- Dagskrá á árinu:
  - Fundur vegna vorhátíðar með bekkjarfulltrúum
  - Í samvinnu við SAMTAKA á að reyna að fá foreldra til vitundavakningar
  - Samræma reglur í sambandi við gæslu foreldra í félagsmiðstöðvum og böllum. SAMTAKA vinnur þetta, það þarf skráðar reglur, ekki bara vinna eftir vana.
  - Búa til sameiginlegar reglur fyrir alla skóla
  - Skólaráðsfundur
  - Uppákomur í Rósenborg og félagsmiðstöðvar verði með sameiginlegar reglur

Ekki fleira skráð

### **Stjórnarfundur FOKS, 6. nóvember 2013**

Mættir: Heimir, Sigmundur, Bragi, Egill, Elín, Ásdís, Hrefna, Monika

- Heimi barst fyrirspurn frá Helgu Dögg, umsjónakennara hjá 7. Bekk um að FOKS myndi kaupa stærðfræði spil til að aðstoða krakkana við námið.

Fyrirspurnin er hér:

Sæll ágæti formaður Foreldrafélagsins.

Nú þúðar 7.bekkur og ábyggilega fleiri við stærðfræði. Nú leitum við leiða til að finna ólíkar leiðir við kennsluna. Okkar var bent á spil sem fást í krumma í Reykjavík.

Um spilið segir:

„ Skemmtilegt stærðfræðispil fyrir 2-6 spilara þar sem venjulegu spilunum hefur verið skipt út fyrir reiknisdæmum.

Þennan stokk er hægt að nota til að spila Veiðimann eða Olsen olsen og verða spilarar þá að finna 4 spil með sömu útkomu til að fá slag.

Spilastokkurinn inniheldur 52 spil og 2 jókera og hugmyndir að leikjum.

Stærðfræðidæmin í þessum stokk eru fyrir 10 ára og eldri.“ Sjá

vefsíðu:<http://krumma.web.is/products/10371-staerdfraedispilastokkur>

Veit að spilin eru uppseld, spurning hvort þau séu væntanleg eða hægt að panta þau.

Það væri frábært ef hægt væri að fá 4-6 stokka af þeim spilum sem í boði eru.

Með vinsemd og virðingu,  
Helga Dögg Sverrisdóttir  
Umsjónarkennari 7.bekkjjar.

- Þetta var samþykkt samróma meðal stjórnarmanna.
- Önnur fyrirspurn kom frá Helgu Dögg þar sem hún sækir um fyrir hönd nemendaráðs um styrk til að kaupa vinning í snóker móti unglíngadeildar. Stjórnin tók þetta fyrir og voru allir sammála um að börnin myndu frekar sjálf fara á stúfana og safna vinningum fyrir þetta mót. Þessu var hafnað.
- Umræður voru teknar um hvort krakkarnir sem eru ekki í mat ættu að hafa aðgang að örbylgjuofni til að geta hitað upp samlokur eða annan mat í hádeginu. Voru allir sammála því.
- Egill Snær fór yfir stöðuna á reikningi FOKS. Staðan á reikningnum var 390 þúsund og voru 36 heimili búin að borga árgjaldið.

Ekki fleira skráð

### **Stjórnarfundur FOKS, 21. október 2013**

Mættir: Heimir, Egill, Bragi, Sigmundur, Hrefna, Ásdís, Elín, Hrefna og Monika

- Heimir kynnti fjárhagsáætlun og gjaldskrárhækkun hjá Akureyrarbæ 2014
- Breytingar voru gerðar í sameiningu á bréfi sem senda á til allra bekkjarfulltrúa í sambandi við hverfisröltið. Bréfið um hverfisröltið verður sent út til bekkjarfulltrúa 22. Október. Stefnt er á að byrja hverfisröltið 4. Nóvember þegar skipting á vikum milli bekkja verður komin á hreint.
- Foreldrafulltrúar sjá um að manna vaktir í sínum bekkjum og senda svo upplýsingarnar til Heimis.
- Umræður voru um nágrennavörslu og þær miklu breytingar sem hafa orðið á samskiptum nágrenna almennt. Sigmar lagði til að fundað yrði með hverfisnefndinni og sagðist Egill ætla að vinna í að reyna að koma á fundi með nefndinni.
- Heimir ræddi að ákveða þyrfti hvað kæmi fram frá FOKS í fréttabréfi Síðuskóla.

Ekki fleira skráð

## Stjórnarfundur FOKS, 24. september 2013 - 1. fundur nýrrar stjórnar Skólaárið 2013-2014 eftir aðalfund FOKS

Mættir: Heimir Eggerz, Sigmundur Sigurðsson, Ásdís Elva Helgadóttir, Elín Guðrún Björnsdóttir, Bragi Finnbogason, Egill Snær Þorsteinsson, Hrefna Frímánn og Monika M. Stefánsdóttir

- Formaður: Heimir Jónsson
- Gjaldkeri: Egill Snær Þorsteinsson
- Ritari: Monika M. Stefánsdóttir
  
- Allir voru sammála um að Heimir yrði áfram fulltrúi skólaráðs líkt og í fyrra.
  
- Skipulagsskrá Síðuskóla - rætt var um ákveðnar dagsetningar sem gott væri að bæta í skipulagsskrá skólans eins og Aðalfundi FOKS, vorhátíð ofl. Bragi lagði til að Heimir myndi óska eftir því við Ólaf skólastjóra að bekkjarfundir allra deilda verði settir inn í skipurit skólans og að hafa það þannig að allir bekkir skólans verði búnir að funda lágmarki tveimur dögum fyrir aðalfund FOKS.
  
- Vorhátíð – Fundir haldnir með bekkjarfulltrúum með góðum fyrirvara til að skipuleggja vorhátíðina. Hefur verið gert undanfarin ár og var fólk almennt sammála um að skipulagning væru búnar að vera betri fyrir vikið. Passa uppá að það verði gert áfram og að fundir séu haldnir í tíma. Gott að fá feedback frá foreldrum um hvað tókst vel og hvað mátti betur fara til að gera góða hátíð enn betri.
  
- Hverfisnefnd – Heimir hafði samband við aðila úr hverfisnefndinni en nefndin sá sér ekki fært á að mæta á þennan fund. Rætt var um að reyna að koma á samvinnu milli hverfisnefndar Síðuhverfis og foreldrafélagsins og voru allir sammála því.
  
- Ræða þarf við Magnús hjá Securitas til að fá upplýsingar um kostnaðinn við að Securitas hefur tekið aukakeyrslu í kringum skólann eftir klukkan 22 á kvöldin. Kom fram á fundinum að skólinn tekur ekki þátt í þeim kostnaði. Hrefna spurði hvort bærinn ætti ekki að taka þátt að einhverjum hluta eða taka alveg að sér þennan kostnað. Það kom fram að bærinn taki ekki að sér keyrslu á afmarkaðri skólalóð heldur sé það á kostnað skólans. Þetta er mjög flókið mál.
  
- Vinnureglur Leikskóla og skóla – Heimir ræddi við Önnu leikskólastjóra á Krógabóli og sagði hún að samkvæmt vinnureglum þá á að vera manneskja sem að hefur það starf að athuga hvort allt sé í lagi í kringum skóla/leikskóla áður en börnum er hleypt út í frímínútur/útiveru af öryggisástæðum. Á leikskólum er bannað að senda börn út á leiksvæði ef ekki er búið að skanna yfir það.
  
- Grát svæði – málefnið hér á undan eru á gráu svæði og það þarf að komast að því hver ber ábyrgð á að þetta sé gert, hvort það sé á vegum bæjarins eða skólans.
  
- Foreldrarölt – Allir voru sammála um að nota meðbyrinn eftir foreldrafundinn, fá fólk til að taka þátt í hverfisrölti, virkja hverfisnefndina og koma með hugmynd að skipulagi í gegnum samtaka og Grétu forvarnafulltrúa að reyna einnig að virkja hin hverfin í bænum. Skipulagið

myndi koma fyrst í foreldrafélagið og þaðan færi það til foreldrafulltrúa allra bekkjanna í skólanum og foreldrar fengnir þannig til að taka þátt í að fylgjast með í hverfunum.

- Fundartímar – fundardagar voru ákveðnir, fyrsta miðvikudag í mánuði kl. 20:30 en ákveðið var að á meðan verið er að vinna að þessum málum með Samtaka og Akureyrabæ í sambandi við hverfisgæslu gætu orðið einhverjir aukafundir.
- Fulltrúi kennanar er Hrefna Frímann
- Fulltrúar Samtaka eru Heimir og Sigmundur.
- DJ búr - foreldrafélagið er að vinna að því að aðstoða skólann og félagsmiðstöðina með endurnýjun tækja í DJ búrinu sem eru orðin mjög léleg eða ónýt. Einnig á að halda DJ námskeið fyrir krakkana sem hafa áhuga og koma á föstum áhugasömum einstaklingum sem sjá um DJ búrið. Einnig þarf að ræða við Lindu sem sér um félagsmiðstöðina um að takmarka fjölda ungmenna sem eru inni í búrinu í einu og einnig að þeir sem hafa ekki tilskilið leyfi eða farið á námskeið hafa ekki aðgang að búrinu, takmarka allan óþarfa umgang og fjölda þeirra sem eru þar inni í einu. Foreldrafélagið ætlar að gefa tölvur, skjái og takkaborð ásamt DJ námskeiðum.
- Bragi bað um að það yrði bókað að honum finnst miður hversu mikið er búið að skera niður í skólakerfinu og því hefur það bitnað mjög á rekstri skólans og því þarf foreldrafélagið að koma meira og meira að ákveðnum rekstrarhlutum innan skólans og hefur það verið reynt eftir bestu getu.

Ekki fleira skráð